



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn 12. september, 2007

Ákvörðun nr. 50/2007

Samruni Samkaupa hf. og Búrs ehf.

1.

Með bréfi Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl., dags. 22. maí 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Samkaupa hf. (hér eftir Samkaup) og Búrs ehf. (hér eftir Búr).

Í bréfinu kemur fram að Samkaup kaupi allt hlutafé Kaupáss ehf. í einkahlutafélaginu Búri, en fyrir kaupin voru Samkaup og Kaupás stærstu hluthafar í félaginu. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 24. janúar 2007. Þá fylgdu einnig ársreikningar viðkomandi félaga, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Samkaupa á hlut Kaupáss í Búri í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði ákvæðisins eru uppfyllt.

Með bréfi dags. 19. júní 2007 tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Í samrunatilkynningu vegna kaupa Samkaupa á Búri segir að tilgangur Samkaupa sé verslunarrekstur. Starfsemi félagsins felist í rekstri almennra dagvöru- og smásöluverslana og öðru því sem þeirri starfsemi tilheyrir. Fyrirtækið reki dagvöruverslanir undir fjórum nöfnum og beri heitin Samkaup úrval, Samkaup

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



strax, Nettó og Kaskó. Enn fremur segir að Samkaup hafi undirritað sérleyfissamning við Kaupfélag Héraðsbúa árið 2000, þannig að verslanir þeirra heiti sömu nöfnum og verslanir Samkaupa og beri öll þeirra einkenni. Eiginlegur rekstur verslana á Austurlandi sé þó í höndum Kaupfélags Héraðsbúa. Að öðru leyti eigi Samkaup ekki í samstarfi við fyrirtæki á dagvöru- eða matvörumarkaði eða tengdum markaði.

Um Búr segir að tilgangur félagsins sé „*innkaup, birgðahald og dreifing á nýlendum fyrir hluthafa í félaginu og hugsanlega aðra smásöluaðila.*“ Þá hafi félagið einnig lagt aukna áherslu á eigin framleiðslu undir vörumerkinu Náttúra, en sjálfstæðir framleiðendur sjái þó um framleiðsluna. Fram kemur að Búr starfi sem heildverslun og/eða aðfangafyrirtæki og sé skráð með þeim hætti samkvæmt ÍSAT flokkun.

Í tilkynningunni segir um aðdraganda samrunans að Búr hafi verið stofnað árið 1995 og hafi síðan þá að einhverju leyti verið í eigu keppinauta á matvörumarkaði. Fyrir samrunann hafi félagið verið í meirihlutaeigu Kaupáss og Samkaupa, auk fleiri smærri félaga. Árið 2006 hafi viðræður milli Samkaupa og Kaupáss hafist um kaup Samkaupa á hlut Kaupáss í Búri sem hafi síðan lokið með undirritun kaupsamnings í janúar 2007.

3.

Í tilkynningunni kemur fram að samrunaaðilar starfi annars vegar á smásölustigi dagvörumarkaðar og hins vegar á heildsölustigi matvörumarkaðar. Vísað er til fyrri úrlausna mála og rannsókna á matvörumarkaðnum hjá samkeppnisyfirvöldum hér á landi og telja samrunaaðilar óhætt að taka mið af þeim skilgreiningum sem þar eru lagðar til grundvallar. Að mati samrunaaðila sé yfir allan vafa hafið að samruninn muni ekki leiða til eða styrkja markaðsráðandi stöðu samrunaaðila.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Athugun Samkeppniseftirlitsins í máli þessu hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til þess að samruni Samkaupa og Búrs sé líklegur til þess að fara gegn 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Samkaupa á Búr á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi dags. 24. janúar 2007, keypti Samkaup hf. allt hlutafé Kaupáss ehf. í Búri ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson